

Fundargerð 14. fundar stjórnar dvalarheimilisins Nausts dags, 2. maí 2018 kl. 08:30.

Mætt eru:

Kristín Kristjánsdóttir, Sigurður Þ. Guðmundsson, Sólrún Arney Siggeirsdóttir, Sara Stefánsdóttir og Elías Pétursson formaður, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Rekstur Nausts

Farið var yfir framlagt rekstraryfirlit, fram komu óskir um að skrifstofa sendi með reglulegri hætti rekstraryfirlit og önnur rekstrargögn. Formaður fór yfir ástæður þess að ekki hefur náðst að senda rekstraryfirlit og gögn eins áður var, einnig óskaði hann eftir því að skrifstofu væru send tekjuuppgjör til afstemmingar.

Nýting hefur verið góð og rekstur gengið með ágætum. Stjórnarmenn lýstu yfir ánægju stjórnar með störf hjúkrunarforstjóra og rekstrarstjóra, telja stjórnarmenn að rekstur hafi verið í mjög góðu lagi frá því að skipulagsbreytingar voru gerðar.

2. Starfsmannamál

Hjúkrunarforstjóri fer í sumarfrí í júlí og ágúst. Sigríður Friðný hjúkrunarfræðingur mun leysa hjúkrunarforstjóra af í sumarfrí. Hjúkrunarforstjóri reiknar með því að fara í fæðingarorlof upp úr miðjum september, Sigríður mun leysa hana af í fæðingarorlofi.

Lokið er við að samræma launakjör starfsmanna. Unnið hefur verið út frá þeirri meginforsendu að kjör séu samræmd og að starfsfólki sé ætíð og án undantekninga raðað í rétta launaflokka.

Einn starfsmaður hefur sagt upp störfum og einn er komin í veikindaleyfi sem ekki vitað hve lengi það muni vara. Nýr starfsmaður hefur verið lausráðinn í afleysingar.

Verið er að skoða mönnun heimilisins í sumar, líklega þarf að ráða fólk inn.

3. Breytingar á eldra húsi

Farið var yfir breytingar og stækkun á Nausti. Formaður lagði breytta teikningu fyrir stjórn sem sýnir tillögu að breytingum á gamla ganginum/hluta Nausts. Hugmyndin er að halda öllum þrem herbergjunum sem þar eru en fá þau öll með sér salerni. Einnig innifela breytingarnar færslu á skrifstofu hjúkrunarforstjóra og ýmsar smærri breytingar og uppfærslur rýma.

Umræður fóru fram um mögulega stækkun heimilisins (*fjölgun dvalar- og hjúkrunar-rýma*), fram kom það álit stjórnar að mikilvægt væri að horfa til þess í þeirri vinnu að byggðar yrðu þjónustuíbúðir sem væru samtengdar heimilinu.

Bókun um afgreiðslu: Rekstrarnefnd leggur til við sveitarstjórn að hafnar verði framkvæmdir við breytingar á eldra húsnæði heimilisins þegar verklýsingar og önnur gögn liggja fyrir. Jafnframt verði athugaðir möguleikar og þörf á viðbyggingu þjónustuíbúða, tengdri Nausti.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:15

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum með rafrænum hætti.